



Reykjavík, 22. október 2024

## **Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um skóla- og frístundastarf í Laugardal**

Lagt er til að fallið verði frá fyrri ákvörðun um að sviðsmynd 1, í ódags. skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi, komi til framkvæmda. Þess í stað komi til framkvæmda að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023. Óbreytt er að lagt er til að opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir unglinga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni.

Skólarnir þrír verði allir yngri barna skólar. Langholtsskóli verði fyrir nemendur í 1. – 7. bekk, en lögð er til sú breyting að Laugarnesskóli verði fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og Laugalækjarskóli fyrir nemendur í 5. – 7. bekk.

Helstu forsendur tillögunnar eru eftirfarandi:

A. Byggja nýtt húsnæði fyrir unglingasafnskóla (8.-10. bekkur) fyrir skólana í Laugardalnum þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð á lóð 1, svokölluðum þríhyrning.

B. Auk þess taki nýr unglingaskóli við nemendum á unglingastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Til að mæta þeirri óvissu sem eru í spám af uppbyggingarreitum í nálægð við Laugardal næstu misseri er lagt til að spár verði yfirfarnar í byrjun árs 2026. Það gefur möguleika á að endurskoða hvort uppbyggingareitir muni heyra til skólahverfi nýs unglingaskóla, annarra skóla í nálægð við Laugardal eða hvort þörf verði á byggingu nýs skóla í Skeifunni.

C. Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum í Laugarnesskóla og Langholtsskóla fyrir 1. og 2. bekk auk aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir börn í 5. - 7. bekk í Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Jafnframt þarf að yfirfara aðstöðu sértæku félagsmiðstöðvarinnar Hofs sem nú er með aðstöðu í og við Laugalækjarskóla.

D. Rýna þarf staðsetningu safnfrístundaheimilis í Fjölskyldu- og húsdýragarði fyrir nemendur 3. og 4. bekkja og starfrækja þess í stað frístundaheimili í grunnskólunum fyrir 1. - 4. bekk.

E. Gera ráð fyrir aðstöðu fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.

F. Aðstaða íþróttakennslu fyrir Laugalækjarskóla verður skoðuð sérstaklega og útfærð í þarfagreiningar- og forhönnunarvinnu og í samráði við íþróttafélögin sem starfa í Laugardal, sem og samnýting þjóðarhallar og Laugardalshallar fyrir íþróttakennslu alls skólastarfs í Laugardal.



**Reykjavík**



Verkefnastjóri verði fenginn að verkefninu til að tryggja rétt upplýsingaflæði, tímaramma og verkáætlanir.

**Greinargerð:**

Að umsagnarferli loknu er áfram lagt til að sviðsmynd 4, með breytingu, verði samþykkt. Breyting er lögð til á grundvelli úrvinnslu umsagna og frekari greininga vegna skóla- og frístundastarfs í Laugardal.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 22. október 2024, sem unnið var í kjölfar umsagnarferlis.